

Hólalax hf  
Ásmundur Baldvinsson  
Hólum I  
551 Sauðárkrókur

2001070059  
5200; 9310

Reykjavík, 23. maí 2003  
/--

**Efni: Stækkun fiskeldisstöðvarinnar Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði.  
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Hólalax hf. dags. 26. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun á eldisstöð Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 7. apríl 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. apríl 2003 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 10. apríl 2003. Umsögn barst ekki frá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 22. og 28. apríl og 12. maí 2003.

## **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða aukningu á eldisframleiðslu Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði í allt að 500.000 bleikjuseiði á ári og 100 t ársframleiðslu af eldisbleikju. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að kerjarými Hólalax hf. í Hjaltadal sé nú um 950 m<sup>3</sup>. Í því kerjarými sé öll framleiðsla bleikjuseiða fyrir Hólalax hf. auk matfiskseldis. Ársframleiðsla á matfiski árið 2002 hafi verið 48 t og sé stöðin nánast fullnýtt miðað við núverandi aðstæður. Fram kemur að fyrirhuguð stækkun felist í því að bæta við tveimur 200 m<sup>3</sup> kerjum á lóð stöðvarinnar til matfiskframleiðslu. Til aukinnar seiðafframleiðslu verði nýtt 100 m<sup>3</sup> kerjarými sem Hólaskóli hafi haft á leigu undanfarin ár undir rannsóknir og kennslu. Stækkunin sé fyrirhuguð í tveimur áföngum þannig að fyrst yrði öðru kerinu til

matfiskframleiðslu bætt við en hinu síðar eftir þörf. Með þessu geti ársframleiðsla aukist um 25 t við hvort nýju kerjanna og farið í tæp 100 t. Fram kemur að vatn frá stöðinni verði endurnýtt í fyrirhuguð viðbótarker eftir að hafa verið hreinsað í tromlusú og loftað. Áætlað sé að koma fyrir tromlusú í frárennsli fyrir 1. september 2003 og frárennsli verði einnig veitt í setþrær. Ekki sé gert ráð fyrir neinni breytingu á frárennsli við stækkunina.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra kemur fram það álit að ekki sé ástæða til þess að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Áhrif á villta fiskistofna**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Hjaltadalsá sé dragá með jökulívafi og því frekar köld og næringasnauð, en í henni sé sjóbleikjustofn og eitthvað um náttúrulegan lax. Stofnunin telji að almennt eigi alls ekki að leyfa frárennsli frá fiskeldi í ár sem hafa náttúrulega fiskistofna vegna hættu á sjúkdómum, hættu vegna mengunar (ofauðgunar) og vegna hættu á að eyðileggja náttúrulega fiskistofna með erfðablöndun. Fiskeldi Hólalax hf. hafi verið starfrækt í fjölda ára og langan tíma án starfsleyfis fyrir þá starfsemi sem þar er nú. Í Hjaltastadaá hafi ítrekað veiðst fiskur frá fiskeldistöðvum og frárennsli sé í hana frá íbúðarbyggð og öðru fiskeldi. Umhverfisstofnun telji að tafarlaust verði að bæta úr starfsleyfismálum og koma á viðunandi mengunarvörnum og vörnum sem tryggji að fiskur sleppi ekki úr stöðinni, t.d. tromlusíum. Einnig að meta verði viðtakann, þ.e. Hjaltadalsá, samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, en álagsþol viðtakans hafi ekki verið mælt. Stækkun stöðvarinnar hljóti að taka mið af því og þeim vörnum sem hægt sé að koma við hvað mengun og aðra þætti snertir. Að teknu tilliti til þess að Hólalax hf. hafi verið starfrækt til fjölda ára og að Hjaltadalsá sé hvorki á náttúruminjaskrá né á öðrum skráum yfir mikilvæg búsvæði telji Umhverfisstofnun þó að í þessu tilfalli muni mat á umhverfisáhrifum ekki bæta við upplýsingum eða tryggja aðgerðir sem ekki er hægt að gera í starfsleyfi.

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að Hólalax hf. hafi starfsleyfi fyrir 250 þúsund sjögönguseiðum og 17 lesta framleiðslu á bleikju. Því sé a.m.k. um fimmföldun á framleiðslu að ræða miðað við starfsleyfið, sem krefjist þess að stöðin sé með afkastamikinn búnað í frárennsli. Þar sem sá frágangur á frárennsli sem hér um ræði ætti að koma í veg fyrir að eldisbleikja af ýmsum stærðum berist niður í Hjaltadalsá, telji veiðimálastjóri að ekki sé þörf á því að umrædd starfsemi þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, enda sé ljóst að mengun frá starfsemiinni standist kröfur Umhverfisstofnunar.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða aukningu á eldisframleiðslu Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði í allt að 500.000 bleikjuseiði á ári og 100 t ársframleiðslu af eldisbleikju. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 g í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum hefur komið fram að fiskeldisstöð Hólalax hf. í Hjaltadal hafi ekki starfsleyfi sem nái yfir þá stafsemi sem þar hefur farið fram undanfarin ár. Bent hefur verið á að úr þessu verði bæta og koma á viðunandi mengunarvörnum, meta viðtakann, þ.e. Hjaltadalsá, samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 og koma upp vörnum sem tryggi að fiskur sleppi ekki úr stöðinni. Einnig hefur komið fram að sá frágangur á frárennsli sem framkvæmdaraðili fyrirhugi, þ.e. með tromlusíu og setþróm, ætti að koma í veg fyrir að eldisbleikja berist niður í Hjaltadalsá.

Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagna litlar líkur á að fyrirhuguð stækkun á eldisframleiðslu Hólalax hf. í Hjaltadal muni hafa veruleg viðbótaráhrif á lífríki Hjaltadalsár. Stofnunin telur að fullnægjandi upplýsingar varðandi mengun vegna frárennslis frá fyrirhugaðri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir liggja nú þegar fyrir og mat á umhverfisáhrifum muni ekki skýra þann þátt frekar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að tekið verði á hreinsun fráveitu í starfsleyfi á ásættanlegan hátt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun á eldisframleiðslu Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er leyfisskyld skv. skipulags- og byggingarlögum. Óska þarf eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með veitingu leyfis sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga þar sem ekki liggur fyrir aðal- eða deiliskipulag.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. júní 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Skagafjörður, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og veiðimálastjóri.